

Njóli – *Rumex longifolius*

Njóli er talinn hafa borist snemma til landsins, sennilega strax við landnám. Hann er stórvaxin jurt (50-130 cm) sem vex vel í áburðarríkum jarðvegi, langmest í kringum bæi, í ræktuðu landi og gömlum kartöflugörðum sem hætt er að nýta. Njóli getur orðið ágengur og fyrirferðarmikill í áburðarríku landi. Hann hefur einnig breiðst lítillega út í villta náttúru, einkum í fjörum við sjó, meðfram ám, í votlendi og gömlum vatnsfarvegum en þar verður hann ekki eins fyrirferðarmikill og ekki ágengur. Njóli hefur breiðst út í fjörum Mývatn og í eyjum og hólum. Njóla getur verið erfitt að uppræta en hann fjlgar sér bæði með fræjum og rótarskotum.



Mynd 1. Njóli. Ljósmynd Hörður Kristinsson

Sláttur

- Slá þarf áður en plantan myndar og dreifir fræi. Slátt þarf að endurtaka oftast yfir sumarið þar sem plantan heldur áfram að vaxa og mynda rótarskot. Eyða þarf blómstrandi plöntum svo þær haldi ekki áfram að þroska fræ eftir slátt.

Beit

- Sauðfjárbreit hefur áhrif á njóla en til þess þarf síbeitt. Sumir hestar bíta njóla þar sem þeim er randarbeitt.

Fjarlægja einstaka plöntur

- Best er að stinga ungar og stakar plöntur alveg upp þannig að öll rótin komi upp. Eyða þarf blómstrandi plöntum svo þær haldi ekki áfram að þroska fræ eftir að þær eru stungnar upp. Hætta er á að þegar plöntur eru rifnar upp þá myndi rótin fleiri rótarskot og fleiri plöntur.

Heimildir:

<https://www.ni.is/biota/plantae/anthophyta/njoli-rumex-longifolius>

Hörður Kristinsson, Jón Baldur Hlíðberg og Þóra Ellen Þórhallsdóttir 2018. Flóra Íslands. Blómplöntur og byrkningar. Vaka-Helgafell. Reykjavík 2018

<https://gardenmentors.com/garden-help/gardening-guidelines/dock-weed-control-rumex-uses/>

<https://www.gardenorganic.org.uk/sites/www.gardenorganic.org.uk/files/organic-weeds/docks.pdf>